



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Fjárlaganefnd Alþingis

Vesturbyggð, 20. október 2023
2103072 GBS

Efni: Þriggja fasa rafmagn í Arnarfirði

Fjárhæð: 6.000.000

Verkefni: Lagning þriggja fasa rafstengs að Fossi í Arnarfirði samhliða lagningu ljósleiðara.

Sveitarfélagið Vesturbyggð vinnur að lagningu ljósleiðara í Arnarfirði í gegnum verkefnið Ísland ljóstengt. Búið er að leggja ljósleiðara í dreifbýli í Arnarfirði að undanskildum kaflanum frá Hvestu að Fossi. Aðeins er um eina tengingu að ræða á því svæði. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við Orkubú Vestfjarða á þeim stöðum þar sem samlegðaráhrifa gætir.

Foss í Arnarfirði er ekki tengt inná veitukerfið í dag og eru sjálf með smávirðjun sem þau nota til eigin nota og eru tilbúin að tengja inná dreifikerfið. Staðsetningin fellur því ekki að þeim skilyrðum sem við eiga svo orkubúið geti nýtt opinbera styrki til að leggja þriggja fasa rafmagn samhliða lagningu ljósleiðara.

Sveitarfélagið hefur verið í sambandi við Orkubúið og eru þeir tilbúnir til þess að sjá um eftirlit með öllu því sem snýr að plægingu rafstengs og merkingu ásamt því að greiða fyrir lagningu heimtaugar að húsvegg við inntaksstað.

Verkefnið felur í sér bætt afhendingaröryggi rafmagns á svæðinu ásamt því að auka jöfnunaráhrif og minnka spennuflökkt.

Kostnaður við lagningu rafstengs umframkostnað við lagningu ljósleiðara eru um 6 milljónir króna og er mjög aðkallandi að fara í það sem fyrst.

Vesturbyggð leitar því til fjárlaganefndar með beiðni um að fjármagn svo unnt sé að vinna þessi tvö verkefni samhliða og farið verði í að fara með rafmagnsstreng að Fossi samhliða því að leggja ljósleiðara að bænum.

Þórdís Sif Sigurðardóttir